

LÖG

34

1. febr.

um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur innflutning á kartöflum og öðrum garðávöxtum frá 1. maí 1936, og er þá öllum öðrum óheimilt að flytja nefndar vöruhegundir til landsins.

Lög þessi ná þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur, ef birgðirnar eru, að álitu tollstjóra í Reykjavík og lögreglustjóra annarsstaðar, eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

2. gr.

Stofnun, sem nefnist Grænmetisverzlun ríkisins, skal annast innflutning og verzlun kartaflna og annara garðávaxta samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt stofnfé til verzlunarinnar, og er ríkisstjórninni heimilt að taka lán í því skyni.

3. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins er skylt að kaupa fyrir gildandi innkaupsverð samkvæmt 10. gr. allar þær kartöflur, sem framleiddar eru innanlands og fram eru boðnar á þeim stöðum, er hún ákveður, eftir því sem geymslurúm og markaðsþörf leyfir. Skal hún haga innkaupum og verzlun sinni þannig, að hver landshluti sé fyrst látinn fullnægja sinni neyðsluþörf, eftir því sem við verður komið.

Eftir því sem fært þykir skulu þeir framleiðendur látnir sitja fyrir um kaup að haustlagi, sem erfiðast eiga um flutninga að vetrarlagi.

4. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Grænmetisverzlun ríkisins, að banna innflutning á þeim tegundum garðávaxta, sem framleiða má í landinu sjálfu og Grænmetisverzlun ríkisins annast ekki innflutning á, eftir því sem nauðsynlegt kann að verða til þess að tryggja markað fyrir innlenda framleiðslu.

34

1. febr.

5. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins er heimilt að leigja eða láta reisa í Reykjavík geymslu- og markaðsskála fyrir kartöflur og aðra garðávexti, sem framleiddir eru í landinu og ætlaðir eru til sölu innanlands.

Stærð skálans skal við það miðuð, að hann rúmi til geymslu allt að 6000 tn. af garðávöxtum, en lóð þannig valin og byggingu þannig hagað, að auðvelt sé að stækka hann, ef þörf krefur.

Heimilt er Grænmetisverzlun ríkisins að láta reisa geymslur fyrir garðávexti á þeim stöðum úti um land, þar sem hún telur brýna þörf fyrir þær.

Í byggingar samkvæmt þessari grein má þó ekki ráðast nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.

6. gr.

Grænmetisverzlun ríkisins selur til féлага, kaupmanna, kaupfélaga og annara, er hafa verzlunarleyfi, svo og til bæjar- og sveitarfélaga, en ekki í smásölu til neytenda. Þó skal henni heimilt að selja beint til neytenda í markaðsskála Grænmetisverzlunarinnar í Reykjavík og annarsstaðar, þar sem hún hefir sérstakar geymslur.

7. gr.

Innlendum framleiðendum er heimilt að selja framleiðslu sína hverjum sem vera skal. En hlíta skulu þeir því lágmarksverði, sem ákveðið er á hverjum tíma samkv. 10. gr. Þeir skulu eiga frjálsan aðgang að markaðsskála Grænmetisverzlunar ríkisins, og skal þeim heimilt að selja afurðir sínar þar gegn gjaldi og eftir reglum, sem ákveða má í reglugerð.

8. gr.

Allir garðávextir, sem Grænmetisverzlun ríkisins kaupir, skulu metnir af matsmönnum, sem landbúnaðarráðherra skipar samkvæmt tillögum verðlagsnefndar. Matsmenn skulu fá erindisbréf til þess að starfa eftir. Grænmetisverzlun ríkisins greiðir kostnað við matið.

9. gr.

Innkaupsverð og söluverð Grænmetisverzlunar ríkisins á garðávöxtum, svo og hámarksverð garðávaxta í smásölu skal ákveðið af 5 manna verðlagsnefnd. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar, en Búnaðarfélag Íslands, S. Í. S., Verzlunarráð Íslands og Alþýðusamband Íslands hafa rétt til að tilnefna hvert sinn mann í nefndina. Tilnefni einhver aðili ekki nefndarmann, skipar ríkisstjórnin mann í hans stað. Nefndarmenn skulu starfa kauplaust.

10. gr.

Ákveða skal á hverju hausti verðlag það á innlendum garðávöxtum, er gilda skal um uppskerutímamann, frá 15. sept. til 1. nóv. Eftir það skal verðið

fara hækkanði, svo að fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garð-
ávaxta, sem síðar verða seldir.

Nýir innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept., skulu
skráðir hærra verði, því fyrir sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðlagið miða
að því, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Verðskráning garðávaxta skal aðallega miða við markaðsverð garðávaxta í
nálægum löndum, að viðbættum flutningskostnaði. Þó skal þess gætt jafnframt,
að framleiðendum sé tryggt hæfilegt framleiðsluverð.

Innflutta garðávexti má aldrei selja lægra verði en innlenda, miðað við sama
tíma og sömu gæði.

Við ákvörðun útsöluverðs þeirra garðávaxta, sem Grænmetisverzlun rikisins
verzlur með, skal álagningin miðuð við það, að geymslu- og verzlunar-
kostnaður fáiast greiddur.

11. gr.

Hagnaði, sem verða kann á rekstri Grænmetisverzlunar rikisins, skal varið
til þess að byggja geymslu- og markaðsskála, svo og til að tryggja framtíð
stofnunarinnar, með því að koma upp nauðsynlegum varasjóði.

12. gr.

Ríkisstjórnin semur reglugerð fyrir Grænmetisverzlun rikisins og skipar
forstöðumann hennar og endurskoðendur. Heimilt er að fela einhverri ríkis-
stofnun eða Sambandi ísl. samvinnufélaga forstöðu verzlunarinnar.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr., ef ekki liggur
þyngri refsing við samkvæmt lögum. Kartöflur og aðrir garðávextir, sem einka-
sala er á og inn eru fluttir í heimildarleysi, skulu gerðir upptækir og afhendast
einkasölunni.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 100 frá 3. maí 1935.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árin 1936, 1937 og 1938 er ríkisstjórninni heimilt að veita sérstök verðlaun
fyrir aukna framleiðslu kartaflna, miðað við uppskeru haustsins 1935. Þetta
kemur þó því aðeins til greina, að framleiðslan fari ekki fram úr eftirspurn-
inni. Verðlaunin skulu því skilyrði bundin, að framleidd sé góð vara, og við þær
aðstæður, að framleiðslan geti haldizt óbreytt áfram án sérstakra friðinda, og

34 að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að verðlaunin séu veitt. Skal fram-
1. febr. leiðanda skylt að færa sönnur á fyrir Búnaðarfélagi Íslands, að framleiðslu-
aukningin hafi átt sér stað, bæði með því að trúnaðarmenn félagsins hafi tekið
garðalandið út á jarðabótaskýrslu og önnur skilyrði séu fyrir hendi um upp-
skeruaukninguna. Búnaðarfélagi Íslands er og heimilt að setja þau skilyrði
fyrir meðmælum sínum, að garðalandið sé valið í samráði við trúnaðar-
menn þess.

Má verja úr rikissjóði til þessara verðlauna allt að 30000 kr. árið 1936,
allt að 20000 kr. árið 1937 og allt að 10000 kr. árið 1938, og mega verðlaunin
nema árið 1936 allt að kr. 3.00 á hverja tunnu umfram uppskeru 1935, árið
1937 kr. 2.00 á tn. umfram uppskeru 1936, og árið 1938 kr. 1.00 á tunnu um-
fram uppskeru 1937.

Eigi má veita verðlaun fyrir minni aukningu en 3 tonnur.

Bæjar- og sveitarfélögum og samvinnufélögum, er garðyrkju kunna að
reka, má veita verðlaun fyrir meiri uppskeruaukningu en 100 tonnur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

35

1. febr.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

I. KAFLI

Um lán til hreppsfélaga.

1. gr.

Handhafaskuldabréf Kreppulánasjóðs, sem afgangs verða þegar lokið er
lánveitingastarfsemi sjóðsins, samkvæmt lögum nr. 78 1933 og síðari breytingum
á þeim lögum, má verja til lánveitinga handa hreppsfélögum landsins og fyrir-